

## Re: Stofnanir: Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

Búið til	20.5.2021 11:57:01
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.5.2021 11:57:00
Tilheyrir	202104-0037 - Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

### Efni

Re: Stofnanir: Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	20.5.2021 11:57:00	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Sæl Ingibjörg,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áformin:

Tilvísun í mál nr. 202104-0037 (SS).

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst frá Umhverfisstofnun dags. 19. apríl síðastliðinn þar sem óskað er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér áformin og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Að ósk Umhverfisstofnunar vann Náttúrufræðistofnun samantekt á mati á verndargildi þess hluta strandlengju Álftanes sem er ekki friðlýst nú þegar. Samantektin var send til Umhverfisstofnunar þann 11. mars síðastliðinn og fjallar að stórum hluta um það svæði sem er til umfjöllunar í áformum þessum en einnig um svæði sem tilheyrja öðrum friðlýsingaráformum svo sem Bessastaðanes og Bessastaðatjörn.

Eins og kemur fram í samantektinni hefur Náttúrufræðistofnun lengi lagt til að fjörur og strandsvæði í Skerjafirði og við Álftanes verði friðlýst nú síðast í tillögum sínum fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár. B-hluta tillagan „Álftanes-Skerjafjörður“ nær yfir mun stærra svæði en hér er til umfjöllunar en fjörusvæðin eru óvíða eins samfelld og heilleg og á Álftanesi og svæðið því ákveðin þungamiðja í tillögunni.

Vísað er í umfjöllun um verndargildi svæðisins sem fellur undir áformin í samantekt Náttúrufræðistofnunar frá 11. mars en þar kemur m.a. fram að „strandvistgerðir á landi og fjöruvistgerðir umhverfis Álftanes hafa hátt verndargildi enda sækir fjöldi fugla fæðu í þær. Mikið er um lífríkar fjörur og sjávar tjarnir, sjávarlón og

sjávarfitjar og auðugt botndýralíf á grunnsævi“. Við það má bæta að fjölbreytni er í landslagi þar sem skiptast á skjólgóðar vikur og vogar með sandfjörum og leirum og brimasamari grýttar strendur og sker þar sem gróskumiklar þangfjörur og þaraskógar eru ríkjandi.

Vistgerðir með mjög hátt verndargildi er að finna á Álftanesi t.d. *klóþangsfjörur* og *sandmaðksleirur*. Einnig sérstakar fjöruvistgerðir sem eru fágætar hérlendis svo sem *marhálmsgræður* og *háseltulón* sem laða að sér fjölbreytt fuglalíf sem og fjöruvistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar eins og *grýttur sandleir* og *líflitlar sandfjörur*. Þá er þurrlendisvistgerðin *sjávarfitjungsvist* algeng á strandsvæðum allvíða á Álftanesi en hún hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins. Nánar er fjallað um þessar vistgerðir í samantektinni um mat á verndargildi.

Í umfjöllun um fuglalíf segir í samantektinni frá 11. mars: „*Fuglalíf á Álftanesi er fjölskrúðugt árið um kring. Þar eru fágæt fuglasvæði, yfir 30 tegundir hafa orpið og þúsundir farfugla koma við til hvíldar og fæðuöflunar á ferðum sínum milli Evrópu og heimskautasvæða á Grænlandi og í Kanada vor og haust. Mikið fuglalíf er á vetrum sem byggist á víðáttumiklum og lífríkum fjörum*“. Nesið er hluti af stærra svæði „Álftanes-Skerjafjörður“ sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Álftanes er m.a. viðkomustaður fargesta einkum margæsa sem koma við í stórum hópum á vorin og haustin. Þar er mikið æðarvarp, mikilvægur fjaðrafellisstaður fyrir grágæsir og vetrardvalarstaður sendlings. Fjöldi annarra tegunda dvelur þarna á veturna m.a. hundruð gráanda, hávellna, dílaskarfa, tjalda og máfa og meðal annarra varpfugla má nefna kríu, sílamáf, hettumáf og ýmsar vaðfuglategundir. Fjallað er ítarlega um helstu fuglategundir og hvar á Álftanesi þær dvelja í samantektinni um mat á verndargildi.

Útivistar-, fræðslu- og upplifunargildi fjöru- og strandsvæða á Álftanesi er afar hátt og óvíða eru fjöru- og fuglasvæði af þessum toga eins aðgengileg nálægt íbúabyggð.

Í auglýstum áformum um friðlýsingu er verið að leggja til friðlýsingar á Álftanesi frá mörkum að friðlýsta svæðinu vestur af Garðaholti rétt sunnan við Hliðsnes í vestri, að Seilunni í austri. Stærð áformaðs friðlýsts svæðis eru tæpir 12,5 ferkílómetrar.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við áformaða afmörkun friðlýsts svæðis þar sem mörkin eru dregin á þann hátt að stórfelld fjöru- og grunnsævissvæði eru undanskilin þrátt fyrir mjög hátt verndargildi. Allvíða virðast mörkin hafa verið dregin út að endimörkum netlaga frekar en að miða við fjörumörk. Innan marka áformaðs friðlýsts svæðis eru því fyrst og fremst grunnsævissvæði með nokkrum undantekningum þar sem mörkin ná upp yfir fjörumörk hér og þar en þau svæði eru í miklum minnihluta ef nú þegar friðlýst svæði eru undanskilin. Hvergi ná mörkin upp á land þar sem sjávarfitjungsvist er að finna.

Meðal þeirra svæða sem lenda utan áformaðar afmörkunar er stór hluti Skógtjarnar þar sem er sérstaklega mikið af vistgerðinni marhálmsgræðum, einn aðaldvalarstaður margæsa og mikilvægur viðkomustaður rauðbrystings. Miðja Skógtjarnar sem liggur utan netlaga er höfð með sem sérstakt svæði en öll suðvestur, norður- og austurströndin er undanskilin. Strendurnar við Skógtjörn eru eitt aðal útbreiðslusvæði sjávarfitjungsvistar á Álftanesi. Stór þangfjörusvæði við sunnanvert Hliðsnes, norðan við Helguvík, í kringum Hrákhólma og norður af Eyri eru öll undanskilin sem og sandmaðksleiran í vestanverðri Seilunni. Fjörusvæðin vestast á nesinu eru sérstaklega mikilvæg fyrir sendling á veturna og tildru bæði á vetrum og að vori.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ef endanleg friðlýsing fylgir þessari tillögu um afmörkun svæðisins muni hún alls ekki geta tryggt nauðsynlega verndun þeirrar fjölbreyttu og verðmætu náttúru sem einkennir fjöru- og strandsvæði á norðan- og vestanverðu Álftanesi. Víða á nesinu munu því vistgerðir með hátt verndargildi, mikilvæg búsvæði og fæðusvæði margra fuglategunda áfram vera án verndar eða með takmarkaðri verndun líkt og núverandi hverfisvernd.

Náttúrufræðistofnun leggur til að áformin verði endurskoðuð með það að markmiði að stækka afmörkun áformaðs friðlýsts svæðis þannig að það nái yfir þessi mikilvægu fjörusvæði.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <[ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is](mailto:ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <[hafogvatn@hafogvatn.is](mailto:hafogvatn@hafogvatn.is)>; "fiskistofa" <[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)>; "natturustofa@natturustofa.is" <[natturustofa@natturustofa.is](mailto:natturustofa@natturustofa.is)>; "anr@anr.is" <[anr@anr.is](mailto:anr@anr.is)>  
**CC:**  
**Subject:** Stofnanir: Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes  
**Date:** 19.4.2021 15:34:14

Góðan dag

Meðfylgjandi er kynning Umhverfisstofnunar á auglýsingu um áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes, ásamt kort. Auglýsingatími áforma er fjórar vikur.

Er þetta sent til umsagnar skv. ákvæðum 2. mgr. 36. gr. og 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Erindið er einungis sent rafrænt.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)